

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Kratus



<b>Dags eftirlits</b>	18.10.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Kratus	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigurður Ingason
<b>Heimili</b>	Klafastaðavegi 4	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4307002270	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Valdimar Ó. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var í fyrsta reglubundna eftirliti í Kratus ehf. Fyrirtækið er ekki með tryggingu vegna mengunar samkvæmt gr. 16 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með því að skoða vinnslusalinn. Framleiðslan fer fram í einum stórum sal þar sem hráefnið er geymt í öðrum enda salarins, skömmtunarbúnaðurinn er í miðjum sal og ofninn í hinum endanum. Afsogsbúnaður er í lofti salarins með stórum háfi yfir ofninum og síðan fer afsogið í reykheinsivirki sem staðsettur er utan við vinnslusalinn. Starfsmannaaðstaðan er í öðru fyrirtæki, GMR endurvinnslu ehf. sem staðsett er í næstu götu við hliðina Tangavegi 7.

Ferlið er í grófum dráttum þannig að álgjall ásamt uppsópi fer fyrst í skömmtunarbúnað þar sem það er vigtað og síðan sett í bræðsluofninn ásamt salti í ákveðnum hlutföllum við álgjalið. Álinu er síðan hellt í þar til gerð mót kælt og sent til eigandans sem skaffar álgjalið og úrangurinn sem er gjallsandur og salt er síðan steypur í nokkurs konar kökur sem sendar eru erlendis til endurvinnslu.

Að lokinni skoðun á verksmiðjunni var farið í starfsmannaaðstöðuna og haldinn eftirlitsfundur. Á fundinum kom fram að prófanir á búnaði og tilraunasteypur höfðu staðið yfir í rúma fimm sólarhringa og höfðu gengið vel. Áætlað er að hefja fulla framleiðslu 1. nóvember næstkomandi. Miðað verður við þessa dagsetningu varðandi skil á mælingum sem fara eiga fram innan árs frá því framleiðsla hefst.

Fyrirtækið starfar í dag samkvæmt undanþágu frá umhverfisráðuneytinu sem gefin var út 11. júní sl. og rennur út 1. mars 2013 og skilyrði skv. ákvæðum í starfsleyfi Als álf framleiðslu eiga við eins og hægt er. Almennt var farið yfir skilyrði s.s. skil á gögnum, tillögu að vöktunarkerfi, áhættumati og viðbragðsáætlun. Umsókn rekstraraðila var samþykkt 2. febrúar sl.

Einnig var minnt á að rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar og hann skal einnig taka ábyrgðartryggingu sbr. 16 gr. laga nr. 33/2004.

Fyrirtækið sendi Umhverfisstofnun tillögu að vöktun díoxíns 28. ágúst sl. Stofnunin er með hana til skoðunar.

Rekstraraðili hefur tilnefnt Guðjón Jónsson hjá VSÓ sem tengilið sinn við stofnunina.

### Frávik frá

Gr. 16 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

### Lýsing á frávik

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu. Fyrirtækið hefur ekki skilað inn tryggingu sem því ber að gera samkvæmt lögum nr. 33/2004.

Reykjavík, 11.12.2012

  
Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.